

# Landsliðið

Contributed by Bjössi  
Thursday, 28 August 2008

Sammarinn klikkaði á því að mæta á fréttamannafundinn í hádeginu og kennir þar um álagi í vinnu (höldum okkur við þá ástæðu bili).

Það er mjög ánægjulegt að sjá Heiðar Helguson aftur í hóp, enda okkar besti maður í að vera einn frammi.

Ég skil hins vegar ekki hvað í andskotanu Ólafi gengur til þegar hann velur Stefán Þór Þórðarson í landsliðið en skilur Eggert G Jónsson eftir. Mér hefur fundist Stefán arfaslakur með Skagamönnum í sumar og Eggert hefur gert allt sem til er hægt að ætlast af leikmanni til að vinna sér stöðu í liðinu. Hann er byrjunarmaður í sterku liði og skoraði meira að segja í síðasta leik.

En vonandi hefur Ólafi tekist að taka 180 gráðu beyju með liðið frá hörmungunum gegn Azerum.

Hér er mín tillaga að byrjunarliði:

Stefán Logi  
Grétar - Kristján - Hermann - Ólafur  
Elmar - Aron - Eiður - Emil  
Veigar  
Heiðar